# Umbótaáætlun

**Skýrslan: https://www.kopavogur.is/static/files/matskyrslalokamars2023.pdf**

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stefnumótun og sýn** | | | | | |
| Sýn og stefna | Stefna í upplýsingatækni tilbúin og birt á heimasíðu. Hún taki mið af niðurstöðum rannsókna á innleiðingu spjaldtölva (sjá aðgerð). Stefnan verði endurskoðuð á 4 ára fresti í ljósi nýjustu menntarannsókna. | Móta nýja stefnu í upplýsingatækni í skólastarfi sem styður við þróun fjölbreyttra kennsluhátta og gefur svigrúm til áframhaldandi tækniþróunar.<br><br>Stefnumótun taki ávallt mið af menntarannsóknum á hverjum tíma. | Unnin verður ný stefna í upplýsingatækni sem tekur á:<br>- Stafrænum innviðum (Búnaður og hugbúnaður).<br>- Stafrænni borgaravitund<br>- Þróun kennsluhátta s.s samþættingu námsgreina, persónumiðaðs náms og áhugasvið nemenda.<br>- Gervigreindarlæsi og algóritmalæsi.<br>- Fræðslu til skólasamfélagsins<br>- Starfsþróunar kennara | | Stefnan verði endurskoðuð á 4 ára fresti í ljósi nýjustu menntarannsókna. |
| Stefnumótun og rannsóknir | Formlegu samstarfi komið á við Háskóla Íslands um rannsóknir á upplýsingatækni í grunnskólum Kópavogs. | Vera leiðandi í menntarannsóknum sveitarfélaga á Íslandi með náinni samvinnu Menntasviðs HÍ og annarra | Starfsfólk grunnskóladeildar fylgist með menntarannsóknum líðandi stundar og samstarf haft við háskóla um rannsóknir á sviði | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | háskóla um markmið og leiðir hverju sinni.<br><br>Vera leiðandi í stefnumótun um skólastarf sem tekur mið af gagnreyndum leiðum hvort heldur er hérlendis eða erlendis. | upplýsingatækni í skólastarfi.<br><br>Koma á framfæri eftirsóttu rannsóknarefni á skólastarfi með upplýsingatækni til háskólanemenda. | | |
| Þróunarverkefni og rannsóknir á skólastarfi | Starfendarannsóknahópur virkur.<br><br>Rafrænar beiðnir um ráðgjöf í þróunarverkefnum eru aðgengilegar starfsfólki skóla | Styðja við þróunarverkefni og rannsóknir á skólastarfi bæjarins á sviði upplýsingatækni og fjölbreyttra kennsluhátta.<br><br>Styðja við þróun á íslenskum kennsluhugbúnaði með áskrift og samstarfi um þróun hugbúnaðarins. | Stofna starfenda-rannsóknarhóp sem fær fræðslu og ráðgjöf um innleiðingu starfenda-rannsókna í skólastarfi.<br><br>Ráðgjafar styðji við þróunarverkefni í skólum og að skólar deili reynslu.<br><br>Kópavogsbær styðji að lágmarki við 2-4 íslensk nýsköpunarfyrirtæki hverju sinni sem þróa og framleiða kennsluhugbúnað fyrir skólastarf. Dæmi um slíkan hugbúnað er: Evolytes, Mussila, Beanfee og Askurinn. | | |
| Hæfniviðmið | Upplýsingar liggja fyrir sem safnað hefur verið saman úr | Skólaþróun taki mið af þróun í upplýsingatækni sem komi fram í | Fylgst verði með áherslum í upplýsingatækni í | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | birtum skólanámskrám og starfsáætlunum.<br><br>Viðmiðunarskólanámskrá í stafrænni borgaravitund liggur fyrir.<br><br>SELFIE sjálfsmat skóla hefur verið framkvæmt í öllum skólum fyrir lok árs 2024 og umbótaáætlun liggur fyrir. | skólanámskrá og kennsluáætlunum skóla.<br><br>Gerð verði viðmiðunarnámskrá fyrir kennslu í stafrænni borgaravitund.<br><br>SELFIE sjálfsmatskönnun verði framkvæmd annað hvert ár í hverjum skóla og umbótaáætlun gerð í kjölfarið. | starfsáætlun og skólanámskrá skóla.<br><br>Umbótaáætlun í kjölfar SELFIE könnunar er skilað til grunnskóladeildar sem nýtt verður til undirbúnings framboðs endurmenntunar deildarinnar. | | |
| Verkefni á sviði upplýsingatækn i | Starfsþróunarnámskeið á sviði upplýsingatækni er í boði í skipulagi mánudagsfræðslu og á ágústnámskeiðum.<br><br>Fræðsla um gervigreind í skólastarfi hefur farið fram.<br><br>Askurinn heldur utan um námsefnisgerð kennara í samþættum verkefnum.<br><br>Rafrænar beiðnir um ráðgjöf í þróunarverkefnum eru aðgengilegar starfsfólki skóla<br><br>Endurskoðun starfslýsingar kennsluráðgjafa liggur fyrir. | Halda ávallt úti starfsþróunarnámskeiðum á sviði upplýsingatækni í skólastarfi.<br><br>Kennarar átti sig á áhrifum gervigreindar á skólastarf tækifærum og ógnunum.<br><br>Veita gott aðgengi að hugbúnaði sem heldur utan um námsefnisgerð kennara.<br><br>Kennsluráðgjafar grunnskóladeildar styðji við þróunarverkefni á sviði upplýsingatækni í skólum. | Vikulegt fræðsluframboð grunnskóladeildar.<br><br>Ágústnámskeið grunnskóladeildar.<br><br>Stuðningur við menntabúðir.<br><br>Nýta kennsluhug-búnaðinn Askinn sem styður við námsefnisgerð með m.a. með upp-byggingu gagnabanka.<br><br>Endurskoða starfslýsingu og vinnulag kennslu-ráðgjafa grunnskóla-deildar m.t.t. stuðnings | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kennsluhættir** | | | | | |
| Kennsluhættir | Námskeið um STEAM hefur verið haldið.<br><br>Askurinn hefur verið innleiddur í 4 skólum.<br><br>Verk- og kostnaðargreining um uppbyggingu list- og sköpunarsmiðju fyrir grunnskóla liggur fyrir. | Styðja við þróun og hugmyndafræði sem tengist STEAM og sköpunarsmiðjum, þar með talið nýsköpun.<br>Skammstöfunin stendur fyrir vísindi (e. science), tækni (e. technology), verkfræði (e. engineering) og stærðfræði (e. mathematics) og samþættingu þessara greina.<br><br>Innleiða hugbúnað sem heldur utan um samþætt og persónumiðað nám og hugbúnað sem styður við samvinnu nemenda og hópastarf.<br><br>Byggja upp miðlægt aðgengi skóla að þekkingu og búnaði sem íbúar og skólar hafi aðgengi að til skólaþróunar og nýsköpunar og til að efla þátt list- og verkgreina í skólastarfi m.t.t. þróunar á sviði nýsköpunar og tækni.<br><br>List-og sköpunarsmiðjur verði í öllum grunnskólum | Halda námskeið fyrir kennara um STEAM hugmyndafræðina og hvernig hún getur verið skipulögð í skólastarf.<br><br>Innleiða kennsluhugbúnaðinn Askinn sem styður við breytta kennsluhætti sem miða að persónumiðuðu námi og samþættingu námsgreina.<br><br>Horfa til skýrslu vinnuhóps Menntasviðs um sköpunarsmiðjur og greinagerð SKÓP um uppbyggingu miðstöðvar tækniþróunar og unnin áætlun um framkvæmd.<br><br>Unnin verk- og kostnaðargreiningu á uppsetningu list- og sköpunarsmiðja í grunnskólum. | | |



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | sem nýtist til samþættingar við allar námsgreinar. | | | |
| Stjórnun á notkun spjaldtölva í kennslustofunni | Námskeið um stjórnun spjaldtölva í kennslustofunni hefur farið fram og gefnar hafa verið út leiðbeiningar.<br><br>Jamf umsýslukerfið hefur verið innleitt í öllum skólum og fræðsla á kerfið er í boði fyrir kennara í formi kennslumyndbanda.<br><br>Bekkjarsáttmálar eru sýnilegir öllum nemendum, foreldrum og kennurum innan hvers skóla. | Kennarar þekki aðferðir til að stjórna spjaldtölvum í kennslustofunni og hafi aðgengi að leiðbeiningum þess efnis.<br><br>Aðbúnaður kennara sé með þeim hætti að þeir geti haft fulla stjórn á spjaldtölvunotkun í kennslustofunni.<br><br>Geti nýtt sér þau verkfæri sem eru til staðar fyrir stjórnun á spjaldtölvum.<br><br>Geti stjórnað aðgengi nemenda að hugbúnaði og hafi yfirsýn yfir virkni þeirra í kennslustundum.<br><br>Bekkjarsáttmáli til staðar í öllum bekkjum grunnskólanna. | Bjóða upp á endurmenntunarnám-skeið og lærdóms-samfélag sem gerir kennurum kleift að læra á nýjungar og hugbúnað, nýjar uppfærslur hugbúnaðar og til að læra hver af öðrum.<br><br>Kynna fyrir kennurum aðferðir til að stjórna spjaldtölvum í kennslustofunni og aðgengilegar leiðbeiningar þess efnis.<br><br>Bekkjarsáttmálar verði gerðir í öllum bekkjum/árgöngum árlega þar sem umgengni við spjaldtölvuna er tekin til umræðu. Sáttmálinn sé sýnilegur nemendum og kennurum. | | |
| Skóli fyrir alla | Námskeið um námsaðlögun, samþættingu og leiðsögn með upplýsingatækni hafa verið haldin. | Nýta stafræna tækni fyrir breiðan hóp nemenda í kennslustofunni þeim til framdráttar. | Fræðsla í upplýsingatækni fyrir kennara, leiðbeinendur í frístundastarfi, skólaliða | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Starfsþróunaráætlanir skóla birtast í starfsáætlunum.<br><br>Grunnskóladeild tekur mið af starfsþróunaráætlunum skóla í sínu námsframboði. | Minnka aðgreiningu nemenda með aukinni þekkingu kennara og annarra fagaðila á möguleikum upplýsingatækni til að mæta þörfum hvers nemanda og til námsaðlögunar.<br><br>Fjölga námstækifærum kennara og annarra fagaðila til að samhæfa stafræna tækni í skólastarfi. | og stuðningsfulltrúa sem styðja við:<br>○ námsaðlögun,<br>○ samþættingu og<br>○ leiðsögn.<br><br>Grunnskóladeild bjóði upp á námskeið í upplýsingatækni samkvæmt starfsþróunaráætlunum skóla og persónumiðuðum þörfum kennara og annarra fagaðila. | | |
| Nemendur með annað móðurmál en íslensku. | Spjallfundur hefur verið haldinn og niðurstöður liggja fyrir.<br><br>Klæðskerasniðið námskeið er í boði. | Styðja markvisst við upplýsingatækni sem gagnast vel Ísat nemendum og fjölskyldum þeirra með fræðslu til allra kennara og annarra starfsmanna skóla.<br><br>Boðið verði upp á fræðslu um möguleika spjaldtölvu í samskiptum og námi fyrir alla kennara nemenda sem eru að læra íslensku sem annað móðurmál og samþættingu notkunar við almennt nám þeirra. | Halda spjallfund í upphafi skólaársins 2023-2024 til að kanna þörf á fræðslu í rafrænum kennslu-háttum meðal Ísat kennara til að hægt sé að koma sem best til móts við þarfir kennara.<br><br>Búa til klæðskerasniðið námskeið um notkun UT í Ísat kennslu. Lengd og umfang fer eftir óskum og þörfum Ísat-kennara. | | |
| Auka sýnileika fjölbreyttrar | Tillaga að framkvæmd uppskeruhátíðar liggur fyrir. | Að auka sýnileika á fjölbreyttri notkun á | Vinnuhópur (grunnskóladeild, skólar) | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| notkunar á upplýsinga-tækni | Uppskeruhátíð vorið 2024 hefur verið haldin. | upplýsingatækni í skólastarfi Kópavogsbæjar. | setur fram tillögu um framkvæmd uppskeru-hátíða þar sem nemendur eru þátt-takendur í kynningum. Jafnframt að uppskeruhátíð verði opin öllu skólasamfélaginu.<br><br>Í tillögu komi fram hvernig áætlað er að auglýsa uppskeruhátíð. | | |
| Aðkoma nemenda í ákvörðunum sem teknar eru um skólastarf. | Aðkoma nemenda er virk í skólasamfélagi grunnskóla Kópavogsbæjar. | Horfa til þess að nemendur geti komið skoðunum sínum um skólastarf á framfæri og hafi aðkomu að ákvörðunum sem teknar eru varðandi það. | Aðkoma nemenda verði að lágmarki í gegnum:<br>• Skólaráð skóla<br>• Okkar skóli<br>• SELFIE - Sjálfsmat skóla<br>• Barnaþing | | |
| Leiðsagnarnám | Niðurstöður könnunar liggur fyrir.<br><br>Notendur Asksins deila reynslu sinni af hugbúnaðinum í virku lærdómssamfélagi. | Könnuð verði reynsla skóla/kennara af leiðsagnarnámi.<br><br>Skólar miðli og nýti reynslu af leiðsagnarnámi til skólaþróunar. | Könnun meðal kennara um leiðsagnarnám.<br><br>Innleiðing á kennsluhug-búnaði sem styður við leiðsagnarnám. (Askurinn) | | |
| Kennsluráðgjöf í upplýsinga-tækni | Mánaðarlegir fundir þriðja þriðjudag í mánuði með deildarstjórum UT í skólunum, kennsluráðgjöfum UT á | Aðgengi er að kennsluráðgjöf í hverjum skóla. | UT deildarstjórar sjá um kennsluráðgjöf innan skóla. | | |



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | grunnskóladeild, tæknistjóra á UT deild.<br><br>Miðlæg þjónusta við UT deildarstjóra er til staðar.<br><br>Miðlægir vefir til stuðnings kennslu með UT er haldið úti. | Miðlægur stuðningur og þjónusta við UT-deildarstjóra verði til staðar. | UT deildarstjórar, tæknistjóri, kennsluráðgjafar grunnskóladeildar og verkefnastjóri í upplýsingatækni mynda lærdómssamfélag, hittast mánaðarlega og oftar ef þörf krefur.<br><br>Miðlæg þjónusta er við UT deildarstjóra skóla bæði frá grunnskóladeild og UT deild.<br><br>Miðlægum vefum er haldið úti sem og Facebook hópi til stuðnings skólastarfi með upplýsingatækni og kennsluráðgjöf.<br>Miðlægt samskiptasvæði lærdómssamfélagsins er á Workplace.<br>Sameiginlegt aðgengi að gögnum er á Google (Leiðbeiningar o.fl.) og Teams (Áhættumat). | | |

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Heilsa og vellíðan** | | | | | |
| Heilsa og vellíðan ungmenna. (Boðskapur til menntayfirvald a frá Youth skills hópnum.) | Fræðsla í algórithma og gervigreind er hluti af fræðslu í stafrænni borgaravitund.<br><br>Fræðsla til skólasamfélagsins er til staðar. | Að börn og unglingar séu læs á algóritma og geti varið sig fyrir stafrænu áreiti frá öðrum notendum og upplýsingakerfum.<br><br>Fræðsla um algóritma hluti af námi í stafrænni borgarvitund og fræðsla um hvert börn geta leitað.<br><br>Að börn og unglingar leiti sér aðstoðar þegar þau verða fyrir stafrænu áreiti og að foreldrar hafi þekkingu til að aðstoða börnin án þess að taka af þeim tækin. | Unnin verður aðgerðaáætlun vegna fræðslu í algóritmalæsi og gervigreindarlæsi í grunnskólum. Þar sem jafnframt kemur fram hvert nemendur geta leitað eftir aðstoð.<br><br>Fræðsla fyrir foreldra og starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva.<br><br>Hagnýtar upplýsingar aðgengilegar á vefsíðu. | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stafræn borgaravitund** | | | | | |
| Námsefni | Nýr vefur um stafræna borgaravitund hefur verið stofnaður.<br><br>Logo hefur verið hannað. | Styðjandi námsefni fyrir kennslu í stafrænni borgaravitund verði aðgengilegt sem og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara og frístundaleiðbeinendur.<br><br>Að opna nýjan vef um stafræna borgaravitund í Wordpress. | Þýtt verði styðjandi námsefni og kennsluleiðbeiningar frá Common Sense Media og valið efni frá samstarfsneti Evrópuráðs um stafræna borgaravitund.<br><br>Endurgerð og/eða talsett verði myndbönd sem ætluð eru nemendum í 1.-7. bekk og settur inn íslenskur texti við myndbönd ætluð eldri nemendum.<br><br>Stofnaður og hannaður verði Wordpress vefur með góðri leitarvél fyrir þetta viðfangsefni og handbók/leiðbeiningar fyrir kennara. Dæmi um slíkan vef: https://www.seguranet.pt/ | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Logó verði útbúið fyrir stafræna borgaravitund í Kópavogi. | | |
| Net- og samfélagsmiðla notkun fyrir utan skóla | Fræðsluáætlun liggur fyrir í samstarfi við námsráðgjafa skóla.<br><br>Könnun hefur verið framkvæmd á skjánotkun og ósk um ráðgjöf.<br><br>Foreldrafræðsla hefur farið fram um skjánotkun í öllum grunnskólum. | Að styðja við börn og unglinga sem eiga í vanda tengdum skjánotkun og foreldra þeirra. | Gerð verður fræðsluáætlun í samstarfi við skóla um að fagaðilar skólans s.s. námsráðgjafar heimsæki hópa og fræða um skjánotkun og hvert nemendur geta leitað.<br><br>Könnun meðal nemenda í 5. og 8. bekk þar sem spurt er um skjánotkun og hvort þeir vilja ráðgjöf varðandi skjánotkun.<br><br>Fræðsla fyrir foreldra um skjánotkun og hvert þeir geta leitað ef þeir hafa áhyggjur tengdar skjánotkun. | | |
| Stafræn borgaravitund - Kennarar | Áætlun um skipulagða fræðslu til skóla liggur fyrir.<br><br>Nýtt efni og stuðningsefni er auglýst á vef SB.<br><br>Námskeið Menntafléttunnar hefur verið komið á að nýju. | Kennarar líta á það sem hlutverk sitt að fjalla um stafræna borgaravitund við nemendur í skólastarfi og samþætta við námsgreinar og lotutengd viðfangsefni.<br><br>Að bjóða upp á fræðslu til skóla. | Áætlun um skipulagða fræðslu til skóla verði sett fram.<br><br>Reglulega eru kynntar nýjungar og stuðningsefni sem gefið verður út. | | |



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Teymi í SB er í hverjum skóla.<br><br>Stafræn borgaravitund fær ávallt rými á Menntabúðum.<br><br>Ráðstefna haldin um SB á vorönn 2025. | Í umbótaáætlun sem birt er í starfsáætlun skóla komi fram áætlun um starfsþróun í stafrænni borgaravitund. | Áframhaldandi samstarf verði við Menntafléttuna (Menntavísindasvið HÍ) um starfsþróun í kennslu stafrænnar borgaravitundar.<br><br>Teymi í stafrænni borgaravitund verði í hverjum grunnskóla.<br><br>Menntabúðir 2023 – 2024 verði að hluta til tileinkað umfjöllun um stafræna borgaravitund.<br><br>Vegleg ráðstefna um stafræna borgaravitund verður haldin í Kópavogi og undirbúin skólaárið 2023 – 2024 en haldin skólaárið 2024 – 2025. | | |
| Stafræn borgaravitund - Nemendur | Viðmiðunarnámskrá hefur verið innleidd í öllum grunnskólum.<br><br>Lærdómssamfélag um SB með aðkomu nemenda er haldin árlega. | Nemendur fái kennslu og leiðsögn um stafræna borgaravitund sem samþætt er við námsgreinar og lotutengd viðfangsefni<br><br>Nemendur fái tækifæri til að efla stafræna borgaravitund | Markviss fræðsla verður innleidd í alla árganga.<br>2-4 fulltrúar frá hverjum skóla og frístundamiðstöð taka þátt í mótun viðmiðunarnámskrár í stafrænni borgaravitund. | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Afurðir frá vinnu með SB er sýnileg í grunnskólum og á net- og fjölmiðlum.<br><br>Barnaþing 2025 er tileinkað Stafrænni borgaravitund. | sína á margvíslegan hátt í námi sínu.<br><br>Stafræn borgaravitund er sýnilegt viðfangsefni í skólanum.<br><br>Nemendur taka þátt í jafningjafræðslu, nemendaþingum, stöðumati, samræðu, stefnumótun og gerð bekkjarsáttmála sem tekur á málefnum stafrænnar borgaravitundar.<br><br>Stutt verður við þróunarverkefni með þátttöku nemenda á sviði stafrænnar borgaravitundar með aðkomu utanað-komandi sérfræðinga og ráðgjafa grunnskóladeildar. | Mótað verður verklag með þátttöku nemenda til að mynda lærdóms-samfélag um leiðir til að efla stafræna borgaravitund meðal nemenda á margvíslegan hátt í skóla- og frístundastarfi.<br><br>Afurðir með vinnu í stafrænni borgaravitund er gerð sýnileg í skólanum.<br><br>Nemendum er boðið að taka virkan þátt í jafningjafræðslu, nemendaþingum, stöðumati, samræðu, stefnumótun og gerð bekkjarsáttmála.<br><br>Barnaþing 2025 verði tileinkað viðfangsefni stafrænnar borgaravitundar eða sérstakt barnaþing haldið.<br><br>Eftirfarandi verði haft til hliðsjónar og/eða nýtt við | | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | framkvæmd eftir því sem við á:<br>Barnasáttmálinn, Okkar Kópavogur og Barnaþing.<br>Sjálfsmat skóla.<br>Nemendaráð og skólaráð skóla. | | |
| Stafræn borgaravitund<br>Foreldrar | | Að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu í tengslum við tækniþróun og samfélagsbreytingar.<br>Að auka fræðslu til foreldra um stafræna borgaravitund. | Fræðsla til foreldra mismunandi aldursstiga í samstarfi við Samkóp, Fjölmiðlanefnd, Saft og Menntavísindasvið HÍ.<br><br>Gerður verður foreldrasáttmáli í hverjum árgangi allra skóla. (Heimili og skóli) | | |

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Persónuvernd** | | | | | |
| Persónuvernd barna | Viðmið á verklagi á afgreiðslu umsókna um kennsluhugbúnað liggur fyrir.<br><br>Allur hugbúnaður sem notaður er í grunnskólum er áhættumetinn og öruggur.<br><br>Leiðbeiningar til skólastjórnenda og kennara um ferli umsókna um kennsluhugbúnað liggur fyrir.<br><br>Leiðbeiningar liggja fyrir um einstaka hugbúnað þar sem það á við til að bregðast við áhættum (minnka).<br><br>Upplýsingar um kennsluhugbúnað sem er í notkun á hverjum tíma eru tiltæk í lista. | Að nýta ávallt öruggan kennsluhugbúnað við nám og kennslu.<br><br>Að endurskoða leiðbeiningar um myndir og myndbirtingar í skóla og frístundastarfi.<br><br>Að fræða starfsmenn skóla um áhættur og aðgengilegt efni til leiðbeiningar varðandi persónuvernd barna. | Áframhaldandi samstarf verður um áhættugreiningu kennsluhugbúnaðar við nágrannasveitarfélögin.<br><br>Gera áhættumat og eftir atvikum vinnsluskrár, vinnslusamninga og MÁP greiningu í samstarfi við lögfræðinga og persónuverndarfulltrúa bæjarins.<br><br>Gerðar verði ráðstafanir varðandi áhættur hverju sinni og þeim fylgt eftir.<br><br>Upplýsa skólasamfélagið um þau öpp sem eru í notkun og eru leyfð með birtingu á vef.<br><br>Gera leiðbeiningar til skólastjórnenda og kennara um ferli umsókna um að taka kennsluhugbúnað í notkun. | | |



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Innra mat** | | | | | |
| Sjálfsmat skóla | Umbótaáætlanir skóla liggja fyrir í nóvember 2024. | Innleiða Selfie verkfærið í alla skóla.<br><br>Niðurstöður SELFIE nýttar til til viðmiðunar og undirbúnings starfsþróunarnámskeiða grunnskóladeildar. | Selfie sjálfsmatskannanir verða lagðar fyrir annað hvert skólaár að vori, næst skólaárið 2023 – 2024.<br>Umbótaáætlun hvers grunnskóla skilað til grunnskóladeildar í lok nóvember sama skólaár. | | |
| **Verkþáttur - umbætur** | **Áætlun um árangur 2023-2024** | **Markmið** | **Aðgerð** | **Tími og ábyrgð** | **Endurmat** |
| **Samskipti og samstarf** | | | | | |
| Foreldrar | Foreldraleiðbeiningar eru aðgengilegar á vef.<br><br>Samskiptaáætlanir skóla liggja fyrir.<br><br>Námskeið um gerð samskiptaáætlana hefur verið haldið fyrir skólastjórnendur. | Foreldrar verði vel upplýstir um skólastarfið og nýtingu spjaldtölva í námsgreinum og geti leiðbeint börnum sínum um ábyrga notkun á upplýsingatækni utan skóla.<br><br>Foreldrum eru kynntar leiðir til að setja skýrar reglur/samkomulag um notkun spjaldtölvunnar utan skóla. | Foreldrar fá reglulega upplýsingar frá skólum um skólastarfið.<br><br>Sérfræðingar á grunnskóladeild útbúa og viðhalda foreldraleiðbeiningum sem eru aðgengilegar á vefum grunnskóladeildar.<br>Foreldrum verður boðin fræðsla um einelti og samskipti á netinu og um | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Samskiptaáætlun skóla sé aðgengileg foreldrum. | ýmis vandamál og tækifæri tengd netnotkun.<br><br>Grunnskóladeild býður upp á hagnýtt námskeið fyrir skólastjórnendur um gerð samskiptaáætlana skóla. | | |
| Samvinna og samráð | Samstarf er virkt.<br><br>Kjarnaskólar hafa verið myndaðir. | Samráð við aðrar stofnanir um fræðslu til skólasamfélagsins.<br><br>Samstarfsnet við önnur Evrópuríki. | Samráð grunnskóladeildar við:<br><br>• SAFT/Heimili og skóla og Fjölmiðlanefnd um foreldrafræðslu og fræðslu í stafrænni borgaravitund.<br>• Menntavísindasvið HÍ um kennslu háskólanemenda m.a. í stafrænni borgaravitund<br>• Fjölmiðlanefnd um upplýsinga- og miðlalæsi<br>• Kvikmyndamiðstöð um kvikmyndalæsi<br><br>Horft verði til annarra Evrópuríkja um fræðslu í stafrænni borgaravitund. | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Kjarnaskólar verði myndaðir innan sveitarfélagsins þar sem 3+3+4 skólar eru saman í kjarna.<br><br>Gerð verði áætlun um skólaheimsóknir milli kjarnaskóla. | | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| Verkþáttur - umbætur | Áætlun um árangur 2023-2024 | Markmið | Aðgerð | Tími og ábyrgð | Endurmat |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stafrænir innviðir** | | | | | |
| Stafrænir innviðir | Skólar hafa valið vélbúnað sem mæta þörfum nemenda til skapandi náms og fjölbreyttra námsaðferða. Jafnframt fellur vélbúnaður að innviðum Kópavogsbæjar<br><br>Aðgangur er að fjölbreyttum, stafrænum búnaði til nýsköpunar, vísinda og lista er til aðgengilegur í bæjarfélaginu.<br><br>Lyklaborð hafa verið keypt í alla grunnskóla til að koma til móts við skipulagða kennslu í fingrasetningu.<br><br>Nemendur á yngsta stigi hafa aðgang að eigin spjaldtölvu sem geymd er í skólanum.<br><br>Hugbúnaður í þjálfun fingrasetningar er áhættugreindur og áhættumetinn.<br><br>Valnámskeiði í fingrasetningu hefur verið komið á fót. | Að nemendur hafi aðgengi að búnaði sem uppfyllir markmið um fjölbreytta kennsluhætti.<br><br>Að skólar hafi aðgengi að fjölbreyttum stafrænum búnaði öðrum en tölvum, sem nýtist í skólastarfi og hafi aðgengi að ráðgjöf um notkun<br><br>Að nemendur hafi góða tölvufærni þar með talið fingrasetningu á ólíkar gerðir tölvubúnaðar við lok grunnskóla.<br><br>Lokið verði við innleiðingu á spjaldtölvum fyrir alla á yngsta stigi. | Grunnskóladeild upplýsir og fræðir skóla um mismunandi búnað og möguleikum hans til náms og starfs í skóla svo skólar geti tekið ígrundaða ákvörðun í kjölfarið um val á vélbúnaði sem lögð er fyrir skólaráð.<br><br>Skólar skipuleggi markvissa kennslu í fingrasetningu fyrir skólaárið 2023 – 2024. Keypt verði lyklaborð sem tengja má við spjaldtölvur.<br><br>Hugbúnaður til kennslu í fingrasetningu verður áhættu- og gæðametinn.<br><br>Grunnskóladeild setur upp miðlægt fjar-valnámskeið í þjálfun á fingrasetningu fyrir alla nemendur á unglingastigi. | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Eftirsótt tölvufærni í framhaldsskóla s.s. á ýmsan hugbúnað er höfð til hliðsjónar námi með UT og birtist í bekkjarnámskrám.<br><br>Til staðar er þráðlaus endurvörpun úr spjaldtölvum í öllum kennslustofum. | | Nemendur á yngsta stigi fái eigin spjaldtölvu 1:1 sem geymd er í skóla.<br><br>Skólar samþætti upplýsingatæknikennslu við aðrar námsgreinar. Horft verði sérstaklega til eftirsóttrar tölvufærni á ólíkar gerðir tölvubúnaðar við lok grunnskóla sbr. Gátlisti.<br><br>Aðgengi að fjölbreyttum, stafrænum búnaði og kennslu á hann verði skoðuð í samstarfi við SKÓP og Mixtúru.<br><br>Tryggja að búnaður til þráðlausrar endurvörpunar sé stöðugur og til staðar í öllum kennslustofum grunnskóla. | | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026